

Miðvikudaginn 10. maí 1967.

Nr. 213/1965. **Hafsteinn Jóhannsson vegna sjálfs sín
og áhafnar v/b Eldingar**

(Tómas Árnason hrl.)

gegn

Eiganda v/b Jörundar III., RE 300,

(Einar Sigurðsson hdl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1965. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.216.760.00 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Jörundi, RE 300, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ný gögn og vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

V/b Jörundur III. var í rúmsjó með óvirka skrúfu, er áfrýjandi kom skipinu til hjálpar að beiðni skipstjórnarmanna. Magnús Kristján Guðmundsson, skipstjóri á v/b Jörundi III., hefur skýrt frá því fyrir dómi, að vegna strauma hafi verið ógerningur að ná inn síldarnótinni, ef akkeruru hefði verið varpað á Sandvík. Barst v/b Jörundur III. því fyrir straumi frá landi, meðan nótin var innbyrt. Eigi verður talið leitt í ljós, að v/b Jörundur III. hefði komizt í höfn eða nægilega tryggt lægi, þótt reynt hefði verið að nota utanborðshreyfil og léttbát skipsins. Var v/b Jörundur III. því í hættu staddur og hjálp sú, er áfrýjandi veitti, björgun í merkingu 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

V/b Elding er lítið skip, en gögn eru eigi fram komin um verðmæti þess. Ágreiningslaust er, að hin björguðu verðmæti námu kr. 12.167.600.00. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem hafa ber til hliðsjónar samkvæmt 200. grein siglingalaga nr. 66/1963, þykja bjarglaun til handa áfrýjanda hæfilega ákveðin kr. 150.000.00. Ber stefnda að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 45.000.00.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 á áfrýjandi sjóveðrétt í v/b Jörundi III., RE 300, fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Jörundur h/f, greiði áfrýjanda, Hafsteini Jóhannessyni vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar, kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Jörundi III., RE 300, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. nóvember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastöðum í Melasveit, fyrir hönd eiganda og áhafnar m/b Eldingar höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 7. apríl 1965, á hendur Guðmundi Jörundssyni, Reykjavík, fyrir hönd eigenda m/b Jörundar III., RE 300, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 1.216.760.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í nefndu skipi til tryggingar kröfum sínum.

Almennum Tryggingum h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafðar uppi á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar og hjálp sú, er skipi hans var veitt, verði talin aðstoð, en ekki björgun, og þóknun dæmd samkvæmt því.

Við hinn munnlega flutning málsins hafði stefnandi aðeins uppi varakröfu sína og krafðist jafnframt, að málskostnaður yrði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 8. maí 1964 var m/b Jörundur III., RE 300, við síldveiðar á Stóru-Sandvík. Klukkan 1830 var kastað á síld á 20 faðma dýpi. Straumur var mikill og ókláraðist baujan, svo að snúa varð skipinu við hana með þeim afleiðingum, að snurpuvír og partur af blýteini festist í skrúfunni. Kallaði skipið á m/b Eldingu, og var stefnandi beðinn að taka vír og nót úr skrúfunni. Klukkan rúmlega 2000 fór m/b Elding Jörundi III. til hjálpar, en það skip var þá statt 3—4 sjómíllur V að S frá Reykjanesi. Veður var 2—3 vindstig af SA, og rak skipið aðallega fyrir straumi vestur með landinu. Stefnandi kom að Jörundi III. um kl. 2215, kastaði sér til sunds í froskmannsbúningi og skar nótina og vírinn úr skrúfu m/b Jörundar III. Var því verki lokið um kl. 2400, og sigldi þá Jörundur III. áleiðis til Reykjavíkur.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að verkið hafi tekið langan tíma, bæði vegna þess að veður hafi ekki verið gott og veltingur á skipinu svo og hafi það torveldað verkið, að snurpuvírinn hafi komizt undir öxulhlífina. Kvaðst hann álíta, að skipverjar á m/b Jörundi III. hefðu ekki getað náð vírnum eða nótinni úr skrúfunni. Hann kvaðst hafa lagt sig í meiri hættu í þetta sinn en venjulega fylgir starfi þessu, enda hafi það verið unnið í náttmyrkri og nokkrum sjó.

Magnús Kr. Guðmundsson, skipstjóri á m/b Jörundi III., hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann álíti ekki, að þeir skipverjarnir hefðu sjálfir getað náð nótinni og vírnum úr skrúfunni. Hann kvað engin segl hafa verið um borð í skipinu, en í því hafi verið utanborðsmótor, 28 hestafla, er gangi niður í gegnum hekkið, en hvort hann hefði nægt til að koma skipinu til lands, kveðst hann ekki geta sagt um, þar sem það hafi ekki verið reynt. Þá kvað hann í skipinu hafa verið léttbát með 24 hestafla vél.

Kvaðst hann minna, að þeir hafi í skipinu haft eina tunnu af benzíni, en hjálparvélin brenni benzíni, en vél léttbátsins venjulegri olíu.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 19. janúar 1965, var veður á Reykjanesi 8.—9. maí 1964 þannig: Klukkan 2000 þann 8. maí A 4 vindstig og sjólag gráð, klukkan 2300 A 5 vindstig og dálítill sjór. Klukkan 0800 þann 9. maí SA 4 og dálítill sjór, klukkan 1100 A 3 og dálítill sjór, klukkan 1400 ANA 3 og dálítill sjór og frá klukkan 1700 til 2300 NA 3—4, dálítill sjór og sjólítið.

Samkvæmt vottorði sama aðilja, dags. 25. þ. m., var veður á Keflavíkurlflugvelli þann 9. maí 1964 ANA, síðan A og svo NA og NNA og veðurhæð 4—5 vindstig.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hjálp sú, er hann veitti m/b Jörundi III. í umrætt sinn, hafi verið björgun í merkingu siglingalaga nr. 66/1963. Að visu hafi skipið ekki verið í beinni hættu, en slík hætta hafi verið yfirvofandi, hvenær sem var. Skipið hafi verið stutt í Reykjanesröst, þar sem straumar eru miklir. Á aðra hönd þess hafi verið hættuleg strönd, en á hina Eldey og óhreinar siglingaleiðir. Skipið hafi engin segl haft, en aðeins lítinn utanborðsmótor og takmarkað eldsneyti fyrir hann svo og léttbát með 24 hestafla vél. Verði því að telja útilokað, að m/b Jörundur III., sem er 266 smálestir að stærð, hefði komizt til lands af eigin rammleik við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að hjálp sú, sem stefnandi veitti m/b Jörundi III. í umrætt sinn, hafi eigi verið björgun, heldur einungis aðstoð, sem stefnandi eigi að fá greitt fyrir miðað við vinnu sína og tíma. Bendir stefndi á það, að skipið hafi ekki verið í hættu. Veður hafi verið gott, afgangsvindur og hann frekar lítill. Í skipinu hafi verið utanborðsmótor, 28 hestafla, og eldsneyti fyrir hann á heilli tunnu. Þá hafi skipið einnig haft léttbát með 24 hestafla vél, sem brenni sama eldsneyti og aðalvél skipsins. Telur stefndi, að með sameiginlegri beitingu beggja þessara mótorra hefði verið auðvelt fyrir skipshöfn m/b Jörundar III. að koma skipinu til hafnar við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru.

Eins og fyrr greinir, var m/b Jörundur III. staddur á Stóru-Sandvík á 20 faðma dýpi, er nót skipsins festist í skrúfu þess með þeim afleiðingum, að vélin stöðvaðist. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja útilokað, að skipverjum hefði tekizt að losa

nótina og vírinn úr skrúfunni á sjó úti. Er atburðir þeir gerðust, er hér um ræðir, var aflandsvindur, ekki sterkur, og sjólag frekar gott, og hélzt það að minnsta kosti næsta sólarhring. Í skipinu var, eins og fyrr greinir, 28 hestafla utanborðsmótor og eldsneyti fyrir hann til 10 til 20 klukkustunda notkunar. Þá hafði skipið léttbát með 24 hestafla vél og eldsneyti til hennar. Skipið átti skamma leið til að komast fyrir Garðskaga, og á þeirri leið liggur Sandgerði. Telja hinir sérfróðu meðdómendur, að unnt hefði verið fyrir skipverja að sigla skipinu þessa leið til lands eða hafnar með aðstoð utanborðsmótorsins og léttbátsins, enda hefði það getað haft nokkurt landvar og notið sjávarfallastraums til norðurs fyrstu klukkustundirnar.

Að þessu athuguðu er það álit dómsins, að m/b Jörundur III. hafi eigi verið staddur í slíkri nauð, að hjálp sú, sem stefnandi veitti, verði talin björgun í merkingu siglingalaga nr. 66/1963, heldur verði að telja hana aðstoð.

Við ákvörðun þóknunar til stefnanda ber að hafa í huga, að verk hans tók um tvær klukkustundir og var alláhættusamt. Með tilliti til þessa svo og annarra atriða, er máli þykja varða, þykir þóknun til hans hæfilega ákveðin kr. 75.000.00. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra frá 1. janúar 1965 verður einungis dæmd 6 af hundraði.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/b Jörundi III., RE 300, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jörundsson f. h. eigenda m/b Jörundar III., RE 300, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 13.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Jörundi III., RE 300, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1967.

Nr. 14/1966. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
Finnboga Magnússyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Angantý Eliassyni skipstjórum.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1966 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna, og löggiltur endurskoðandi hefur kannað bókhaldsgögn áfrýjanda um skipti aðilja og gert yfirlit yfir viðskiptin.

Stefndi var skipstjóri á v/b Helga Helgasyni, VE 343, sem var eign áfrýjanda, á vetrarvertíð og sumarsildveiðum 1963.

Hér fyrir dómi hefur stefndi sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Inneign vegna sumarsildveiða samkvæmt yfirliti Sigurðar Stefánssonar, löggilts end-